

Nettómótið 2012

Barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur í samvinnu við Nettó og Reykjanesbæ standa fyrir sínu árlega körfuboltamóti í Reykjanesbæ helgina **3. og 4. mars** 2012. Þetta er jafnframt **22.** mót félaganna.

Mótið er fyrir drengi og stúlkur í minnibolta fædd árið 2000 og síðar.

Leikið verður á 13 völlum, 2 x 12 mínútur hver leikur.

Innifalið í mótsgjaldi:

- 5 leikir á lið
- Bíóferð
 - Fyrir krakka 8 til 11 ára verður sýnd glæný ævintýramynd **Journey 2, The Mysterious Island**.
 - Fyrir krakka 6 og 7 ára verður sýnd teiknimyndin **Sígvélaði kötturinn (Puss in Boots)** sem hæfir einkar vel þeim aldurshópi.
- Frítt verður í Vatnaveröld - Sundmiðstöð
- Hádegisverður á laugardag
- Kvöldverður á laugardag
- Kvöldvaka og glaðningur
- Kvöldhressing á laugardagskvöld
- Gisting
- Morgunverður á sunnudag
- Hádegisverður á sunnudag – Pizzuveisla frá Langbest
- Verðlaunapeningur
- Vegleg gjöf í mótislok
- Reykjaneshöllin verður opin alla helgina en þar er boðið uppá einn lengsta hoppukastala landsins, boltasvæði o.fl á 7.840m² leiksvæði.
- Innileikjagarðurinn Ásbrú verður opin á laugardag frá kl. 12.30-17.30 og sunnudag frá kl. 14.30-16.30 en það er leiksvæði sem hentar sérstaklega vel fyrir yngstu kynslóðina, 2-8 ára.

Mótsgjald:

- Félagsgjald kr. 10.000.-
- Gjald per. þátttakanda er kr. 6.000.-
- Frítt er fyrir 1 þjálfara og 1 aðstoðarmann á hvert lið

28 síðna bæklingur mótsins verður sendur félögum fyrir mótið. Í honum eru allar upplýsingar um mótið. Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á heimasíðu mótsins; www.nettomot.blog.is undir liðnum Tenglar, sem er vinstra megin á þeirri síðu.

Skráning:

Falur J. Harðarson

Netfang: nettomot@gmail.com

Sími: 896-4468

Athugið að síðasti skráningardagur er 24. febrúar, kl. 20:00

